

Greinargerð og athugasemdir

Varðandi tillögu um þingsályktun um aðgerðaráætlun um orkuskipti, þingskjal 205 – 146. mál

Í viðkomandi þingsályktun kemur m.a. fram að eingöngu eigi að styðja við uppbyggingu grænna orkugjafa sem ekki eru í samkeppni við matvælaframleiðslu/landbúnað um land.

Ekki er nákvæmlega um það getið hvaða orkugjafar það eru en bent skal á að repjuræktun er 85% (fóðurmjöl og áburður) beint eða óbeint til matvælaframleiðslu og afgangurinn sem er 15% er olían sjálf. Margir orkugjafar eru 100% matvæli og má þar nefna etanól sem til verður úr mais-jurtinni. Ef verið sé setja repjuræktun í ofangreint samhengi þá kann það að vera í hróplegu ósamræmi við þær þjóðaröryggisráðstafanir sem landsmenn þurfa að viðhafa er varðar matvæli og orku vegna þeirrar ástæðu að Ísland er eyja sem auðveldlega getur einangrast í um nokkurra mánaðartíma vegna jarðhræringa en kannski miklu frekar að sá möguleiki er fyrir hendi að sviptingar geti orðið á markaði um jarðefnaeldsneyti vegna óveðurskýja sem hrannast nú upp í loftslagsmálum – alþjóðlega. Alveg er hægt að sjá fyrir sér að einhverjar skorður – jafnvel verulegar - verði settar við framleiðslu jarðefnaeldsneytis með viðhlítandi verðhækkunum á heimsmarkaði en nánast öll matvælaframleiðsla okkar er háð honum.

Á Íslandi var verið að nota 660.000 tonn af olíu árið 2014. Þar af fór fiskiskipafлотinn með 150.000 tonn. Ákveðinn hluti tækja verður ekki drifinn áfram af öðru en olíu í náninni framtíð: flutninga og fiskiskip, stórir vörubílar, flugvélar, þylur, þyngri vinnuvélar eins og dráttavélar í landbúnaði, flutningabílar, malarvinnslutæki og öryggistæki eins og þylur, slökkvibílar. Þess vegna yrði mjög dýrkeypt fyrir landið að geta ekki haldið úti lágmarks framboði af olíu eða ef verð hennar hækkaði mikið.

Á Íslandi þarf u.þ.b. 250.000 tonn af mat árlega. Landbúnaðurinn framleiðir í kringum 150.000 tonn af mat, þar af 30.000 af kjöti, en sjávarútvegur rúmlega 650.000. Þessar tölur miðast við stöðuna 2014 og 2015. Sjávarútvegur er eftirsótt vara erlendis og því betri til að halda uppi viðskiptakjörum við útlönd. Það er því mikilvægt fyrir íslenska hagkerfið, út frá þjóðaröryggisvíddinni, að tryggja framleiðslugetu bæði landbúnaði og sjávarútvegi þannig unnt verði fóðra landann ásamt því að hafa vörur á erlenda markaði í skiptum fyrir aðrar nauðsynlegar vörur og vörur til að halda uppi nútíma samfélagi.

Það er því mikilvægt að halda áfram að styðja við þróun á repjuræktun héraðs og rannsaka – sér í lagi meðan laust landrymi er fyrir hendi. Einkum þegar horft er til þess að hægt er að framleiða repjuolíu á Íslandi við sama eða lægri kostnað og innflutta jarðefnaolíu samkvæmt nýlegri viðskiptaáætlun um 5.000 tonna verksmiðju. Það er athyglisvert í ljósi þess að þegar Bandaríkjamenn fjalla um þjóðaröryggisvíddina á olíumarkaði eru þeir alltaf að fjalla um mun dýrari heimaframleiðslu en innflutning – þó þeir séu að framleiða jarðefnaeldsneyti.

Þess skal getið að repja er matur eins og komið hefur fram – þó það sé hægt að nota hluta hennar sem eldsneyti. Þá tekur ekki langan tíma að taka repjuakur undir aðra ræktun. Ef ráðamönnum er umhugað um að land sé ekki nýtt undir annað en matvælaframleiðslu ætti kannski fyrst að horfa til skógræktar fremur en repju þar sem miklu dýrara og tafsamara er að snúa skóglendi yfir í annað ræktarland – en all nokkur dæmi eru um að skóglendi sé ræktað upp á landi sem hentar vel fyrir aðra ræktun og nýtt sem eldsneyti t.d. hjá Elkem. Fleira mætti benda á eins og uppbyggingu sumarhúsabyggða víða um landið en ég læt hér staðar numið að sinni.

Að síðustu langar mig að geta þess að huga þarf líka að samsetningu fiskiskipaflotans og hvernig skip nýta olíuna. Samkvæmt opinberum tölum eru sterkar vísbendingar fyrir því að smábátar noti a.m.k. helmingi færri olíulíttra fyrir hvert kíló fiskjar veitt en stærri fiskiskip. Sama gildir um landbúnað. Frekari rannsóknar er samt þörf til að fá nákvæmari tölur af þessu tagi og nýrri.

Vífill Karlsson, PhD hagfræði

Fyrsta sérgrein er rýmishagfræði

Önnur sérgrein er auðlinda- og umhverfishagfræði